

staðgengli hans og samkvæmt ákvæði 8.3.1. í kjarasamningi Stýrimannafélags Íslands voru skilyrði fyrir greiðslu frídaganna fyrir hendi í tilfalli stefnanda.

Samkvæmt framanskráðu verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 20.276,00 auk 19% ársvaxta frá 18. febrúar 1984 til greiðsludags.

Málskostnaður sem stefndi greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000,00.

Mál þetta var fyrst dómtekið 23. maí sl. en endurflutt og dómtekið að nýju hinn 19. desember 1985.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvæð upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ísskip hf., nnr. 4833-5402, Austurströnd 1, Seltjarnarnesi, greiði stefnanda, Svani Jóhannssyni, nnr. 8636-2503, Kleppsvegi 128, Reykjavík, kr. 20.276,00 auk 19% ársvaxta frá 18. febrúar 1984 til greiðsludags og kr. 18.000,00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1988.

Nr. 200/1986. **Búnaðarbanki Íslands**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Vörðufells

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1986. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir

Hæstarétti, en til vara verulegrar lækkunar á stefnujárhæð og niðurfellingar málskostnaðar.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að vextir verði dæmdir sem hér segir: 2,25% dráttarvextir á mánuði frá 7. maí 1986 til 28. febrúar 1987, 2,5% á mánuði frá 1. mars 1987 til 13. apríl s.á., en dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 14. apríl 1987 til greiðsludags.

Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og rakið er í héraðsdóminum veitti stefndi áfrýjanda, með tryggingarbréfi, útg. 23. nóvember 1983, 1. veðrétt í „Dráttarþifreið með vagni, skráð X-734, af gerðinni M.A.N. árgerð 1981 (dráttarvagn skráður XT-11)“, til tryggingar skuldum allt að 2.000.000,00 krónur. Telja verður, að pallur þifreiðarinnar hafi verið hluti veðsins. Pallurinn fylgdi ekki með í sölu til Perlusands sf. hinn 10. febrúar 1984, heldur var hann í vörslum búsisins við upphaf skipta og síðar seldur Garðafelli hf. sérstaklega.

Áfrýjandi hefur í bréfi til skiptaráðandans í Árnassýslu, dagsettu 10. nóvember 1984, gert m.a. þá kröfu, að skiptarétturinn viðurkenni „veðréttindi Búnaðarbankans í vörubílsþallinum og forgangsrétt bankans til andvirðis pallsins“. Stefndi hefur því réttarlega hagsmuni af því, að krafa hans um riftingu veðsetningarinnar nái fram að ganga. Með þessari athugasemd ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um það atriði.

II.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að með þeim greiðslumáta, sem þar er lýst, hafi áfrýjandi fengið greiðslu á greindum skuldum Vörðufells hf. með óvenjulegum greiðslueyri enda þótt áfrýjandi hafi ekki haft beina milligöngu um sölu þifreiðarinnar eða fengið hana sjálfa sem greiðslu. Koma þá ákvæði 55. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 ekki til álitu við úrlausn málsins.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu á vöxtum, er í dómsorði greinir.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða

stefnda 280.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Í þeirri fjárhæð er innifalinn söluskattur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 2,25% dráttarvextir á mánuði frá 7. maí 1986 til 28. febrúar 1987, 2,5% á mánuði frá 1. mars 1987 til 13. apríl s.á., en með dráttarvöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður, skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, frá 14. apríl 1987 til greiðsludags.

Áfrýjandi, Búnaðarbanki Íslands, greiði stefnda, þrotabúi Vörðufells hf., 280.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og Guðrúnar Erlendsdóttur.

Ekki þykir skipta máli í þessu sambandi hvort andvirði bifreiðarinnar X 734 og tengivagns hefur verið greitt í peningum eða greitt með millifærslu milli skuldareikninga Perlusands sf. og stefnda í Búnaðarbankanum, en bæði voru fyrirtækin í viðskiptum við bankann. Það er hluti af venjulegri bankaþjónustu að annast greiðslur milli manna og fyrirtækja. Að þessu athuguðu verður ekki talið að um hafi verið að ræða óvenjulegan greiðslueyri eins og atvikum málsins var háttað. Önnur skilyrði 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 til riftunar eru eigi fyrir hendi. Verður því ekki fallist á röksemdir stefnda að þessu leyti.

Kaup þau er í málinu greinir fóru fram 10. febrúar 1984. Með bréfi 29. mars s.á. óskaði Vörðufell hf. eftir greiðslustöðvun samkvæmt 7. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Var hún með úrskurði 13. apríl s.á. heimiluð til 13. júlí s.á. Síðar var hún framlengd um 2 mánuði. Í beiðni um greiðslustöðvun er getið útstandandi skulda að fjárhæð 14.646.615,00 krónur. Síðar reyndust kröfur þessar mun minna virði. Það kemur heim við dómskýrslur fyrirvarsmanna Vörðufells hf. og útíbússtjóra Árnesingaútibús Búnaðarbankans að

hagur félagsins hafi verið fyrir hann lagður á þeim tíma, er hér skiptir máli, með framantöldum eignalíðum, að því leyti sem um hann var rætt. Í málinu liggja ekki fyrir nein uppgjör eða önnur skrifleg gögn er aðilum þessum hafi farið á milli á umræddum tíma. Útibússtjórinn kannaðist ekki við að honum hafi þá verið kunnugt um, að Vörðufell hf. ætti ekki fyrir skuldum. Að þessu athuguðu er ósannað að honum hafi verið um það kunnugt eða mátt vera kunnugt. Þykir greiðslunni því ekki verða rift á grundvelli 61. gr. gjaldþrotalaga.

Fallist er á að stefndi hafi ekki lengur lögvarðra hagsmuna að gæta að því er snertir veðsetningu bifreiðarinnar og tengivagnsins að öðru leyti en því er tekur til palls vörubifreiðarinnar. Þykir eftir atvikum rétt að rifta veðsetningunni á honum.

Samkvæmt framanrituðu teljum við að sýkna beri áfrýjanda af kröfum stefnda að öðru leyti en því að fella beri úr gildi veðsetninguna á palli vörubifreiðarinnar.

Stefndi skal greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti 500.000,00 krónur samtals.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. apríl sl., hefur Viðar Már Matthíasson hdl., nnr. 9184-3838, Borgartúni 24, Reykjavík, skiptastjóri í þrotabúi Vörðufells hf., nnr. 9342-9710, Hörðuvöllum 1, Selfossi, f.h. þrotabúsins höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu þingfestri 21. mars 1985 á hendur Búnaðarbanka Íslands, nnr. 1489-2958, Austurstræti 5, Reykjavík.

Kröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi veðrétti Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibús, skv. tryggingarbréfi nr. 273, útgefnu 23.11. 1983, að fjárhæð allt að kr. 2.000.000,00 í dráttarbifreið með vagni, skráðri X-734 af gerðinni M.A.N. árgerð 1981 (dráttarvagn skráður XT-11), en tryggingarbréfið var afhent til þinglýsingar þann 23.11. 1983, nr. 4157/1983.

2. Að rift verði með dómi greiðslu á eftirtöldum skuldum Vörðufells hf. við Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibú, sem greiddar voru skv. kvittunum dags. 21.2. 1984:

2.1. Greiðsla á vixli útgefnum af Sigurði Jónssyni, Ásgerði, Hrunamannahreppi, í október 1983 og ábektum af Sæmundi Sæmundssyni og Skúla Hróðbjartssyni (sic), með gjalddaga þann 20.12. 1983, samþykktum

til greiðslu af Sigurði Jónssyni pr. pr. Vörðufell hf. Víxillinn var að fjárhæð kr. 1.100.000,00 og dráttarvextir áfallnir á greiðsludegi kr. 44.052,00 samtals greiddar kr. 1.144.052,00.

2.2. Greiðslu afborgunar og dráttarvaxta af skuldabréfi Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibús, nr. 19, útg. þann 22.5. 1981, upphaflega að fjárhæð kr. 340.000,00 en Vörðufell hf. var skuldari og bréfið var tryggt með 5. veðrétti í húsinu nr. 21 við Síðumúla. Afborgun sem átti að fara fram þann 5.11. 1983 var kr. 153.293,30, en auk þess voru greiddir dráttarvextir til 21.2. 1984 kr. 16.147,80 eða samtals greiddar kr. 169.441,10.

2.3. Greiðslu afborgunar af skuldabréfi við Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibú, nr. 309, útg. þann 5.6. 1983 af Vörðufelli hf., upphaflega að fjárhæð kr. 1.300.000,00, en afborgun sem fram átti að fara þann 5.12. 1983 var kr. 296.846,80, en auk hennar voru greiddir dráttarvextir til 21.2. 1984, kr. 31.220,91 eða samtals greiddar kr. 328.067,71.

3. Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til þess að endurgreiða stefnanda samtölu ofangreindra fjárhæða, þ.e. kr. 1.641.560,81 með 19% ársvöxtum frá 21.2. 1984 til 1.1. 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1985, en með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.6. 1985, en með 3,5% vanskilavöxtum frá þeim degi til 1.9. 1985, en með 3,75% vanskilavöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, en með 2,75% vanskilavöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, en með 2,25% vanskilavöxtum frá þ.d. til greiðsludags.

4. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ skv. málskostnaðarreikningi, auk kr. 5.500,00 vegna greiðslu til vitnis fyrir rækslu vitna-skyldu.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málsástæður sínar kveður stefnandi vera þær að Búnaðarbanki Íslands hafi verið einn helsti viðskiptabanki Vörðufells hf. í mörg ár. Hafi viðskiptin að mestu farið fram í gegnum útibú bankans í Hveragerði, svoneftt Árnesingaútibú. Vörðufell hf. hafi snemma árs 1983 komist í umtalsverð greiðsluvandræði og ekki getað staðið við fjárskuldbindingar sínar. Þannig hafi hlaupareikningi félagsins í Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibú, verið lokað í október 1983, enda hafi þá verið farið að halla mjög undan fæti hjá Vörðufelli hf. Vörðufell hf. hafi verið í miklum vanskilum við stefnda og hafi verið stofnaður veðréttur í bifreið Vörðufells hf. af tegundinni M.A.N. með skrásetningarnúmerinu X-734 ásamt palli og tengivagni XT-11 með tryggingarbréfi útgefnu 23.11. 1983, sem hafi fengið númerið

273, en bréfið hafi verið útgefið af Sigurði Jónssyni f.h. Vörðufells hf. að fjárhæð kr. 2.000.000,00 og hafi það verið afhent til þinglýsingar samdægurs. Hafi veðréttur þessi, sem var fyrsti veðréttur, átt að tryggja eldri skuldir, enda verði ekki séð að Vörðufell hf. hafi þann 23.11. 1983 móttekið kr. 2.000.000,00 úr hendi stefnda.

Stefnandi telji nauðsynlegt að rífta veðréttinum, þar sem slík riftun tengist öðrum kröfum í málinu, auk þess sem veðrétturinn sé ennþá virkur gagnvart þrotabúi Vörðufells hf., vegna þess að pallur bifreiðarinnar X-734 hafi ekki fylgt með við sölu 21.2. 1984, og hafi hann enn verið í vörslu búsinu við upphaf skipta, en síðar verið seldur af búinu sem þannig ábyrgist hinum nýja kaupanda að ekki sé um vanheimild að ræða.

Að frumkvæði stefnda og með milligöngu hans hafi bifreiðin X-734 ásamt tengivagni XT-11 verið seld Perlusandi sf. og hafi Búnaðarbanki Íslands, Árnesingautibú, þannig fengið greiddar skuldir samtals að fjárhæð kr. 1.641.560,81 og sé uppgjör vegna þessara greiðslna gert af bankanum og dags. 21.1. 1984, en kvittanir dags. 21.2. 1984 og verði að miða sölu 21.2. 1984 við hinn síðarnefnda dag. Á þessum tíma hafi Vörðufell hf. verið ógjaldfært og framtíð félagsins í algærri tvísýnu, og hafi fyrirsvarsmönnum Árnesingautibús Búnaðarbanka Íslands verið fullkunnugt um ógöngur félagsins, enda hafi bankinn verið helsti viðskiptabanki Vörðufells hf.

Beiðni um heimild til greiðslustöðvunar fyrir Vörðufell hf. hafi verið móttækin þann 6.4. 1984 af embætti skiptaráðandans í Árnessýslu, og sé sá dagur frestdagur í skilningi laga um gjaldþrotaskipti, en greiðslustöðvun hafi verið veitt þann 13.4. 1984 og hafi staðið til 13.9. 1984 eftir að hafa verið framlengd einu sinni, en þann dag hafi Vörðufell hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði.

Með bréfi dags. 24.9. 1984 hafi Viðar Már Matthíasson hdl. verið ráðinn bústjóri í þrotabúinu og kosinn skiptastjóri á skiptafundi þann 8.2. 1985.

Við könnun á gögnum Vörðufells hf. sé það ótvírætt mat stefnanda að stofnun umrædds veðréttar sé ólögmat, enda sé hún gerð einungis fjórum og hálfum mánuði fyrir frestdag og taki veðrétturinn til eldri skulda. Þá sé greiðsla ofangreindra skulda einnig ólögmat, enda gerð einum og hálfum mánuði fyrir frestdag, og hafi greiðslan farið fram með óvenjulegum greiðslueyri, auk þess sem fyrirsvarsmenn Árnesingautibús stefnda hafi verið grandsamir um ógjaldfærni Vörðufells hf. og því verið ljóst að þeir væru með ótilhlýðilegum hætti að fá fullnustu á kröfum sínum, allt á kostnað annarra kröfuhafa.

Krafan um endurgreiðslu á hinum greiddu fjárhæðum sé óhjákvæmileg, enda hafi stefndi ekki sinnt margítrekuðum áskorunum um að skila þeim fjárhæðum, sem um ræði.

Perlusandi sf. hafi verið send tilkynning um málssókn í samræmi við 52. gr. l. nr. 85/1936.

Umboð skiptastjóra til málshöfðunar byggir stefnandi á 1. tl. 91. gr. l. nr. 6/1978, sbr. og 112. gr. s.l., en á skiptafundi í þrotabúi Vörðufells hf. þann 8.2. 1985 hafi auk þess verið samþykkt að fela skiptastjóra heimild til málshöfðunar.

Kröfu um riftun á veðrétti styður stefnandi við 1. tl. 57. gr. l. nr. 6/1978, en kröfu um riftun á greiðslu skuldar styður hann við 1. tl. 54. gr. s.l., en auk þess er sjálfstætt byggt á 61. gr. s.l., 55. gr. l. nr. 6/1978 eigi hér ekki við.

Kröfu um vexti byggir stefnandi á 5. gr. l. nr. 58/1960, sbr. og 13. gr. l. nr. 10/1961, svo og auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma og vísar stefnandi sérstaklega á auglýsingu bankans frá 18.2. 1985 um heimild til töku mánaðarlegra dráttarvaxta af kröfunni.

Málkostnaðarkröfuna styður stefnandi við 1. mgr. 177. gr. l. nr. 85/1936, sbr. og 184. gr. s.l.

Samkomulag sé um varnarþing í Reykjavík sbr. 1. mgr. 81. gr. l. nr. 85/1936, en auk þess vísist til 4. gr. l. nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands, þar sem segi að Búnaðarbanki Íslands hafi heimili og varnarþing í Reykjavík.

Ekki sé ástæða til að sundurliða eða útlista stefnukröfuna að öðru leyti en því að krafan um endurgreiðslu sé sundurliðuð svo:

1. Greiðsla á vixli pr. 20.12. 1983:		
höfuðstóll	kr. 1.100.000,00	
dráttarvextir til		
21.2. 1984	<u>44.052,00</u>	1.144.052,00
2. Greiðsla afborgunar af skbr. nr. 19:		
fjárhæð afborgunar		
pr. 15.11. 1983	153.293,30	
dráttarvextir af afb.		
til 21.2. 1984	<u>16.147,80</u>	169.441,10
3. Greiðsla afborgunar af skbr. nr. 309:		
fjárhæð afborgunar		
pr. 5.12. 1983	296.846,80	
dráttarvextir til		
21.2. 1984	<u>31.220,91</u>	328.067,71
Samtals kr.		<u>1.641.560,81</u>

Ofangreind fjárhæð sé hin sama og krafist sé endurgreiðslu á.

Stefndi kveður málsatvikum gerð skil í stefnu, en til viðbótar bendi hann á eftirfarandi atriði: Í þágu þrotabúsmálsins hafi verið tekin saman skrá um lýstar kröfur í bú stefnanda, dskj. nr. 37. Þessi skrá beri með sér að hún sé samin af Páli Björnssyni, skiptaráðanda í búi stefnanda. Eins og dskj. nr. 14 beri með sér hafi Viðar Már Matthíasson hdl. verið ráðinn bústjóri til bráðabirgða. Hafi það verið 24. september 1984. Síðan hafi þessi sami lögmaður verið skipaður skiptastjóri á skiptafundi 8. febrúar 1985, sbr. dskj. nr. 32. Á þessum skiptafundi hafi verið lögð fram skrá um lýstar kröfur, sbr. dskj. nr. 37. Í endurritinu á bls. 2 á dskj. nr. 32 af skiptafundinum 8. febrúar 1985 sé bókað: „Skiptastjóri tók síðan við og kynnti skrá sína yfir kröfur og afstöðu sína.“ Þessi skrá tjáist hins vegar útgefin af skiptaráðandanum. Á þessum fundi hafi einnig verið lögð fram tillaga um höfðun riftunarmála, sbr. dskj. nr. 33 í þessu máli. Þessi tillaga sé sam-in af Viðari Má Matthíassyni. Hann hafi samið hana sem bústjóri. Fram komi á bls. 4 á dskj. nr. 32 að tillaga bústjórans (skiptastjórans) hafi verið samþykkt með þeirri breytingu að skiptastjóranum hafi verið falið að meta hvort rifta skyldi ráðstöfunum þeim sem geti í skránni á dskj. nr. 33 og jafnframt að taka ákvörðun um málshöfðun, ef með þyrfti. Sjö lögmenn hafi mótmælt þessari ákvörðun fundarins að heimila skiptastjóra að höfða riftunarmál. Þessir sjö lögmenn hafi farið með atkvæði fyrir 9 kröfuhafa. Samtals hafi þeir farið með atkvæði fyrir kröfur, sem nemi kr. 13.097.824,61, en fyrirvara verði að hafa á þessari fjárhæð þar eð kröfulýsingaskráin sýnist ekki vera sem nákvæmest.

Þá sé bent á að stefndi hafi veð í bifreiðinni X-734, en eigandi hennar sé Perlusandur sf., og sé hann um leið veðsalinn, og því geti þrotabúið ekki átt aðild að riftunarmálinu að þessu leyti að því er taki til bifreiðarinnar, sjá dskj. nr. 22. Perlusandur sf. hafi keypt bifreiðina af Vörðufelli hf. Kraftur hf. hafi haft þessa bifreið til sölu, sjá dskj. nr. 24. Kaupin hafi verið gerð í febrúar 1984. Saga þessara bílkaupa sé rakin á dskj. nr. 23. Perlusandur sf. hafi fengið lánað andvirði bifreiðarinnar hjá Búnaðarbanka Íslands, útibúinu í Hveragerði. Veðið hafi hvílt áfram á bifreiðinni, og að auki hafi bankanum verið gefið viðbótarveð í fasteign Perlusands sf., jörðinni Vestri-Loftstöðum. Bifreiðin hafi verið staðgreidd. Það hafi svo verið mál ráðamanna Vörðufells hf. hvernig þeir notuðu þessa staðgreiðslupeninga. Þeir muni hafa gert það, eftir því sem rakið sé í málskjöllum, með því að greiða skuldir sínar við Búnaðarbanka Íslands. Ekkert hafi verið óeðlilegt við þessi viðskipti. Vörðufell hf. hafi í raun fengið peninga fyrir sína bifreið. Vörðufell hf. hafi notað þessa peninga til að greiða bankanum. Ekki hafi verið greitt fyrr en eðlilegt var. Ekki hafi verið um óvenjulegan greiðslueyri að ræða, og því sé algjörlega mótmælt að þessi

fjárhæð hafi ráðið einhverjum úrslitum um gjaldfærni Vörðufells hf. Minna megi á að ráðamenn Vörðufells hf. hafi talið sig á þessum tíma eiga stórfé útistandandi, svo milljónum króna skipti, svo sem málsskjöl greini. Í sambandi við víxilgreiðsluna pr. 20. september 1983 sé rétt að benda á að þessi víxill hafi verið samþykktur af Vörðufelli hf., en ábyrgðarmenn hafi verið á víxlinum, bæði útgefandi og ábekingur.

Málsástæður stefnda séu þessar: Því sé haldið fram að ekki verði beitt riftun á veðréttinum, þar eð annar aðili hafi nú eignast hina veðsettu eign, bifreiðina, og veðsett stefnda Búnaðarbanka Íslands þessa bifreið. Stefnandi geti ekki átt aðild að slíku riftunarmáli.

Í sambandi við greiðslu á víxlinum, pr. 20.12. 1983, hafi stefndi verið sviptur möguleikunum á því að ganga að ábyrgðarmönnunum. Þegar svo standi á verði ekki rift gagnvart þeim sem tekið hafi við greiðslu. Bent sé á að greiðsla á öðrum skuldum hafi ekki farið fram fyrr en eðlilegt var, þ.e. eftir gjalddaga. Ennfremur sé bent á að ekki hafi verið um óvenjulegan greiðslueyri að ræða, því að greitt hafi verið í beinhörðum peningum sem komið hafi inn fyrir sölu á bifreiðinni. Þá sé það algjörlega ósannað að þessi greiðsla hafi ráðið úrslitum um gjaldfærni þrotabúsins.

Bent sé á ákvæði 54. gr. 1. nr. 6/1978, svo og 55. gr. s.l. Einnig sé bent á 2. mgr. 45. gr. 1. nr. 85/1936.

Við munnlegan málflutning var vaxtakröfu stefnanda mótmælt af hálfu stefnda sem allt of hárrí.

Talsmaður stefnanda mótmælti andmælum þessum sem of seint fram komnum og röngum.

III.

Krafa stefnanda er þrjúþætt auk málskostnaðarkröfu og verður hér fjallað um hvern lið fyrir sig.

1. Riftun á veðrétti.

Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. 1. nr. 6/1978 má krefjast riftunar á veðrétti sem kröfuhafi fékk á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag en ekki um leið og til skuldarinnar var stofnað.

Beiðni Vörðufells hf. um greiðslustöðvun var lögð fram í skiptarétti 6. apríl 1984 og telst sá dagur frestdagur í skilningi gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Veðréttur sá sem krafist er riftunar á er skv. tryggingarbréfi, dags. 23.11. 1983, allt að fjárhæð kr. 2.000.000,00. Veðið er því sett innan ofangreinds frests, og hefur því ekki verið andmælt af hálfu stefnda að það hafi verið sett til tryggingar eldri skuldum. Var það ennfremur staðfest með framburði vitna fyrir dómi.

Sýknukröfu sína vegna þessa kröfuliðar byggir stefndi á aðildarskorti

stefnanda, þar sem hinar veðsettu eignir séu í eigu Perlusands sf. sem keypti hluta veðsins, þ.e. bifreiðina og tengivagninn.

Við söluna stóð veðréttur sá sem krafist er riftunar á eftir sem áður til tryggingar kröfum stefnda á Vörðufell hf. Stefnandi er því réttur aðili málsins varðandi þennan kröfulið. Upplýst er að Perlusandi sf. var tilkynnt um málhöfðun þessa með vísan til 52. gr. 1. nr. 85/1936, og verður að lita svo á að hugsanlegra hagsmuna hans hafi með þeim hætti verið nægilega gætt í máli þessu. Með því að stefndi hefur ekki haldið uppi öðrum lögvörnum varðandi þennan kröfulið ber með vísan til þess sem að framan greinir að taka til greina kröfu stefnanda um riftun veðsins samkvæmt 1. mgr. 57. gr. 1. nr. 6/1978.

2. Riftun greiðslu skv. tl. 2.1., 2.2. og 2.3.

Samkvæmt 1. tl. 54. gr. 1. nr. 6/1978 nægir það skilyrði eitt til þess að rifta megi greiðslu að greiðslueyri hafi verið óvenjulegur, hafi greiðsla farið fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag.

Eins og áður greinir telst frestdagur vera 6. apríl 1984. Greiðslur þær sem krafist er riftunar á eru allar greiddar þann 21.2. 1984, eða innan þess frests, og er það óumdeilt.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að ekki hafi verið um óvenjulegan greiðslueyri að ræða, þar eð bankinn hafi fengið greiðslu í peningum.

Það má telja upplýst að bifreiðin og tengivagninn voru seld fyrir milligöngu Krafts hf., þ.e. það fyrirtæki auglýsti bifreiðina til sölu og kom á kaupsamningi milli kaupanda og seljanda. Stefnandi lánaði hins vegar kaupandanum andvirði bifreiðarinnar sem rann síðan beint til bankans til greiðslu á skuldum Vörðufells hf. við bankann. Peningarnir fóru þannig aldrei út úr bankanum og komu aldrei í hendur fyrirvarsmanna Vörðufells hf. Það var því ljóst að billinn og tengivagninn voru seld í því skyni að grynna á skuldum Vörðufells hf. við stefnanda (sic). Eins og á stóð verður því að telja að um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða, enda þótt stefndi hafi ekki sjálfur fengið bifreiðina til sölu eða haft beina milligöngu um að útvega að henni kaupanda.

Samkvæmt þessu ber að fallast á kröfu stefnanda um riftun greiðslunnar á grundvelli 54. gr. 1. nr. 6/1978, en samkvæmt því ákvæði skiptir grandleysi stefnda ekki máli.

Því er haldið fram af hálfu stefnda að þar sem hluti greiðslunnar hafi farið til greiðslu víxils, þá sé sá hluti hennar órifanlegur vegna ákvæða 55. gr. 1. nr. 6/1978.

Skjal það sem hér um ræðir hefur verið lagt fram í málinu í ljósriti sem dskj. nr. 5, og er því rétt lýst í stefnu undir lið 2.2.1. að því undanskildu að föðurnafn ábekingsins Skúla er Hróbjartur en ekki Hróðbjartur. Hefur ekki verið véfengt af hálfu stefnda að um rétt ljósrit frumskjalsins sé að ræða.

Samkvæmt 2. gr., sbr. 1. gr. víxillaga nr. 93/1933, er frumrit þessa skjals

ekki gildur víxill, þar sem á það vantar dagsetningu útgáfu, en útgáfumánuður og ár eru einungis tilgreind þar. Stefndi hefur því aldrei átt víxilrétt samkvæmt skjali þessu, og á 55. gr. l. nr. 6/1978 því þegar af þeim sökum ekki við í þessu tilviki.

3. *Krafa um endurgreiðslu.*

Samkvæmt 1.tl. 62. gr. l. nr. 6/1978 ber að fallast á þá kröfu stefnanda að stefndi greiði honum kr. 1.641.560,81, sem er óumdeilt verðmæti greiðslunnar.

Fallast má á vaxtakröfu stefnanda.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 207.600,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Framangreindum veðrétti Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibús, skv. tryggingarbréfi nr. 273, útgefnu 23.11.1983 í dráttarþifreið með vagni er rift.

Eftirtöldum greiðslum er rift:

1. Greiðslu á víxlplaggi (sic) útg. af Sigurði Jónssyni, Ásgerði, Hrunamannahreppi, í október 1983, og ábektu af Sæmundi Sæmundssyni og Skúla Hróbjartssyni, með gjalddaga 20.12.1983, en samþykktu til greiðslu af Sigurði Jónssyni pr. Vörðufell hf., að fjárhæð kr. 1.100.000,00, ásamt áföllnum dráttarvöxtum kr. 44.052,00 samtals greiddar kr. 1.144.052,00.

2. Greiðslu afborgunar og dráttarvaxta af skuldabréfi Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibús, nr. 19, útg. 22.5.1981, upphaflega að fjárhæð kr. 340.000,00, tryggðu með 5. veðrétti í húsinu nr. 21 við Síðumúla, samtals greiddar kr. 169.441,10.

3. Greiðslu afborgunar af skuldabréfi við Búnaðarbanka Íslands, Árnesingaútibú, nr. 309, útg. 5.6.1983 af Vörðufelli hf., upphaflega að fjárhæð kr. 1.300.000,00, samtals greiddar með dráttarvöxtum kr. 328.067,71.

Stefndi, Búnaðarbanki Íslands, greiði stefnanda, þrotabúi Vörðufells hf., kr. 1.641.560,81 með 19% ársvöxtum frá 21.2.1984 til 1.1.1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. s.á., en með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.6. s.á., en með 3,5% vanskilavöxtum frá þeim degi til 1.9. s.á., en með 3,75% vanskilavöxtum frá þeim degi til 1.3.1986, en með 2,75% vanskilavöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 207.600,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.